



Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. september 2020

Efni: Umsögn SI um drög að aðgerðaráætlun í loftslagsmálum

I. Almenn

Samtök iðnaðarins (SI) vísa til máls nr. 119/2020, og birt er á samráðsgátt Stjórnarráðsins, þar sem kynnt eru til umsagnar drög að aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, 2. útgáfa. Eins og fram kemur í umfjöllun um málið inni á gáttinni eru drög að annarri útgáfu aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum framlag Íslands til að ná markmiðum Parísarsamningsins. Henni er ætlað að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og leggja grunninn að markmiði stjórnvalda um kolefnishlutleysi Íslands árið 2040. Þá segir að um er að ræða heildstæða áætlun sem samanstendur af 48 aðgerðum. Þar af eru 15 nýjar. Áhersla hefur verið lögð á að hrinda aðgerðunum strax í framkvæmd og eru 28 þeirra þegar hafnar.

SI benda á að umhverfismál og loftlagsbreytingar eru meðal helstu áskorana sem Ísland stendur frammi fyrir og metnaðarfull markmið um að draga úr útblæstri er langtímaáskorun sem skapar tækifæri til þess að nýta hugvit og sköpunargáfu til að þróa nýja tækni og aðferðir sem mun nýttast til að gera hluti betur og öðruvísi. Þeir þættir sem SI leggja áherslu á hvað varðar áframhaldandi vinnu við uppfærða og endurskoðaða aðgerðaráætlun eru eftirfarandi:

1. Gott samstarf stjórnvalda og atvinnulífs
2. Orkuskipti í vegasamgöngum og tæknihlutleysi
3. Innviðir fyrir virka ferðamáta
4. Loftslagssjóður
5. Kolefnisgjald
6. Eldsneytisframleiðsla og áburðargerð úr sláturafurðum
7. Fræðsla um loftslagsmál í skólum
8. Urðunarskattur og bann við urðun lífræns úrgangs
9. Útfösun flúorgasa
10. Minni matarsóun
11. Skil á umhverfisupplýsingum
12. Loftslagsáhrif byggingariðnaðarinnar
13. Uppbygging á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa

II. Gott samstarf stjórnvalda og atvinnulífs

Fyrir það fyrsta benda SI á að í athugasemdum við fyrri aðgerðaráætlun stjórnvalda áréttuðu samtökin að flokkun aðgerða, m.t.t. áhrifa á iðnað, var stórlega vanmetin og ljóst að mun fleiri aðgerðir vörðuðu iðnað en sú áætlun gaf til kynna. Eiga þau sjónarmið jafnt við nú sem áður og því þarf að huga að þessum þætti í nýrri aðgerðaráætlun stjórnvalda.

Gott samstarf stjórnvalda og atvinnulífs, þar sem ýtt er undir tækniframfarir og nýsköpun, er ein forsenda þess að stjórnvöld nái settum markmiðum. Mikilvægt er í því samhengi að stuðla að framgangi **Grænvangs** á því sviði, og styrkja stöðir þess vettvangs til lengri tíma lítið. Því er mikilvægt að nýta þann vettvang vegna þeirra áskorana sem framundan eru á vettvangi loftslags- og umhverfismála, hvort sem það varðar tæknilausnir og aðgerðir eða samtal og samráð hins opinbera og atvinnulífs. Í fyrirliggjandi drögum er hins vegar einungis á einum stað getið um Grænvang, nánar tiltekið í umfjöllun um aðgerð A.7 á bls. 95. Vekur það athygli að það góða samstarf sem sá vettvangur grundvallast á, þar sem bæði fulltrúar stjórnvalda og atvinnulífs eru virkir þátttakendur, skuli ekki fá meira vægi í fyrirliggjandi drögum og áætlunum stjórnvalda á þessu sviði.



Samtökin telja að aðgerðaráætlun stjórnvalda eigi að endurspegla þennan veruleika mun betur þar sem áhersla er lögð á hlutverk atvinnulífsins í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Meiri áhersla þarf að vera á þátttöku Íslands í þeirri nýsköpun og þróun sem framundan er, bæði hér heima og erlendis enda er baráttan gegn loftslagsbreytingum sameiginlegt verkefni þjóða heims en ekki eins einstaks ríkis.

Skora SI því á stjórnvöld að virkja enn frekar samstarf á vettvangi Grænvangs í því skyni að ná fram einstaka markmiðum sem stefnt er að með fyrirbyggjandi drögum að uppfærðri aðgerðaráætlun. Í þessu samhengi vísast m.a. til þess vægis sem sá sameiginlegi vettvangur atvinnulífs og stjórnvalda fær í nýrri aðgerðaráætlun stjórnvalda í plastmálefnum, þ.e. *Úr viðjum plastsins*, sbr. umfjöllun þar um hlutverk Grænvangs og þátttaka í aðgerð 8.

Þá þarf einnig að líta til þeirra aðgerða sem atvinnulífið hefur gripið til að eigin frumkvæði sem sýnir að fyrirtæki eru að axla ríka ábyrgð á áhrifum starfsemi sinnar og vilja stíga skref fram á við í því ferli að innleiða umhverfisvænar lausnir. Því er inngríp stjórnvalda eða lagaboð ekki eina leiðin til að ná fram þeim breytingum sem stefnt er að hverju sinni. Hefur reynslan sýnt að fyrirtæki hafa á mörgum sviðum innleitt umhverfisvænar breytingar í starfsemi sinni á eigin forsendum með góðum árangri án þess þó að stjórnvöld umbuni þeim aðilum sérstaklega fyrir slíkt frumkvæði. Telja samtökin mikilvægt að áætlun og aðgerðir stjórnvalda sýni í verki að atvinnulífi sé treystandi til þess að taka skrefið fram á við í baráttu gegn loftslagsbreytingum og að sama skapi sé þeim fyrirtækjum hampað sem ná langt í þeirri viðleitni að lágmarka áhrif starfsemi sinnar á umhverfið, þ.m.t. þeim aðilum sem uppfylla markmið stjórnvalda um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

III. Orkuskipti í vegasamgöngum og tæknihlutleysi

Hvað varðar átak í orkuskiptum í samgöngum, s.s. kolefnishlutleysi árið 2030 sem endurspeglast í drögnum, þá þarf að gæta samhliða að samkeppnishæfni atvinnulífsins. Mörg fyrirtæki vinna nú þegar hörðum höndum að því að draga úr losun koltvísýrings og leita nýrra leiða til að ná markmiðum með því að innleiða aðra orkugjafa í starfsemi sinni en dísel og bensín.

Hafa þarf hugfast að þótt tækniframþróun sé hröð í þessum efnum er það ekki svo að hægt sé í öllum tilvikum að fá stærri ökutæki, vinnuvélar eða önnur iðnaðartæki sem nýta eingöngu og alfarið endurnýjanlega orkugjafa. Orkuskipti eru því ekki raunhæfur kostur sem stendur fyrir tiltekna atvinnugreinar, sér í lagi fyrir iðnað og atvinnutæki sem nota svokallaða litaða olíu og möguleikar slíkra aðila til orkuskipta eru hverfandi, enn sem komið er. Óvíst er hvort sá möguleiki verði fyrir hendi árið 2030. Telja SI að taka þurfi tillit til þessa við stefnumótun stjórnvalda.

Að teknu tilliti til þess ómöguleika sem margar atvinnugreinar kunna að standa frammi fyrir á þessum tímamarki, hvað varðar orkuskipti vegna þungavinnuvéla telja SI mikilvægt að stjórnvöld leggi frekar áherslu á að umbuna þeim aðilum sem ná að umbreyta orkugjöfum í starfsemi sinni á eigin forsendum í stað þess að refsa þeim sem ekki er unnt að innleiða slíkar breytingar.

Þá eru auknar álögur á atvinnulífið og hvatar sem fyrirtæki hafa ekki möguleika á að fylgja eftir í andstöðu við það markmið ríkisstjórnarinnar að auka samkeppnishæfni Íslands. Sé ekki tekið tillit til þessa eru boðaðar aðgerðir til þess fallnar að auka kostnað fyrirtækja, t.d. við vegaframkvæmdir á vegum ríkisins. Sé ætlunin að halda umræddum álögum til streitu þá þarf samhliða að að meta og taka tillit til áhrifa þeirra á kostnað í opinberum framkvæmdum, t.d. í samgönguáætlun.

SI fagna annars að öðru leyti allri umræðu um orkuskipti og benda um leið á mikilvægi þess að gæta tæknihlutleysis þegar rætt er um orkugjafa. Í því skyni má nefna aðgerðir sem einblína á raf- eða vetnisvæðingu innviða eða samgöngufloata. Samtökin telja mikilvægt að stjórnvöld séu opin fyrir og styðji aðra kosti til orkuskipta en eingöngu og alfarið raf- eða vetnisvæðingu, t.d. notkun metanóls. Vissulega er sú nýbreytni í fyrirbyggjandi drögum hvað varðar opinbera stefnumörkun, sbr. umfjöllun í t.a.m. aðgerð C.4 á bls. 110, að þar er með skýrari hætti vísað til metanóls en betur má ef duga skal og telja samtökin mikilvægt að umfjöllun um metanól taki mið að þeim orkugjafa sem raunverulegum valkosti í orkuskiptum í samgöngum.



Samtökin ítreka einnig mikilvægi þess að hugað verði að tæknihlutleysi hvað varðar opinber innkaup vegna tækjakosta í samgöngum á landi sem og hafi, s.s. ökutæki, skip eða farþegaferjur. Kemur hér t.d. til álita umfjöllun um sjálfbær opinber innkaup hvað varðar aðgerð G.8. Mikilvægt er að stuðla að nýsköpun og framþróun innlendra orkugjafa í þessum geirum og getur hið opinbera varðað leiðina með því að huga að tæknihlutleysi slíkra orkugjafa í sínum innkaupum. Vísast hér til stuðnings að eitt af markmiðum núgildandi regluverks um opinber innkaup er að auka vægi umhverfisverndar við innkaup ríkisins. Því er vel við hæfi að hið opinbera setji sér markmið um að stuðla að orkuskiptum í samgöngum með víðtækari hætti en eingöngu t.a.m. vetni og rafmagni og hugi þannig að öðrum kostum einnig, s.s. metanóli og DME. Benda samtökin einnig á að slíkt er í samræmi við þá framkvæmd sem viðhöfð er í Noregi (The Government's action plan for green shipping) þar sem hið opinbera hefur markað sér metnaðarfulla stefnu um orkuskipti í haftengdum samgöngum þar sem áhersla er lögð á að virkja kröfur um endurnýjanlegt eldsneyti í innkaupum á t.a.m. ferjum.

IV. Innviðir fyrir virka ferðamáta og efling almenningsamgangna

Samtökin fagna áformum um auknar opinberar fjárfestingar. Um nokkurt skeið hefur verið ljóst að hið opinbera þurfi að auka fjárfestingar sínar með hliðsjón af stöðu efnahagsmála í þeim tilgangi að örva eftirspurn. Þá hefur ítrekað verið bent á að ástand innviða er víða bágborið og er þörf á umtalsverðum fjárfestingum í innviðum landsins almennt, og þá ekki eingöngu þeirra innviða sem hér eru til umfjöllunar. Sú þörf var áætluð 372 milljarðar króna í skýrslu um ástand og framtíðarhorfur innviða sem kom út árið 2017 á vegum SI og Félags ráðgjafarverkfræðinga. Þá var í umsögn SI um frumvarp um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, 683. mál og fjárukalög 2020, 695. mál, ítrekað mikilvægi þess að ráðast í 30-35 ma.kr. viðbótarframkvæmdir í samgöngum og byggingum umfram það sem ríkissjóður er þegar með áætlað í samgönguinnviðum og byggingum hins opinbera. Því fagna samtökin aðgerðum hins opinbera sem fela í sér innviðaf framkvæmdir af ýmsum toga, þ.m.t. í samgöngum líkt og hér er lagt til. Mikilvægt er hins vegar að horfa til samgönguframkvæmda í víðara samhengi en eingöngu hjóla- og göngustíga enda eru umbætur í samgöngumannvirkjun almennt, s.s. til að létta á álagi og umferðarhnútum, til þess fallnar að stuðla að samdrætti í losun frá samgöngum. Í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi eru í þjóðfélaginu núna og fyrirsjáanlegt að muni hafa áhrif á íslenskt samfélag um einhvern tíma er mikilvægt að undirbúningur slíkra framkvæmda sé skilvirkur og jafnframt þess gætt að verkefnum sé útvistað til íslenskra fyrirtækja. Þá mun sveigjanleiki í útboðsferli skiptir hér sköpum fyrir jafnt stjórnvöld sem og atvinnulíf.

V. Loftslagssjóður

Mikilvægt er að tryggja að Loftslagssjóður verði fjármagnaður í samræmi við þau gjöld sem fyrirtæki hér á landi eru að leggja inn í ETS kerfið. Verði sjóðnum ekki tryggt slíkt fjármagn sem hann á réttilega inni er ljóst að markmið hans munu ekki nást. Þá er þetta bara eins og hver önnur skattheimta, nema hún vinnur í raun gegn markmiðum um árangur í loftslagsmálum því álögurnar grafa undan samkeppnishæfni iðnaðar sem notar 100% endurnýjanlega orku.

Þegar löggin um loftslagsmál voru sett árið 2012 var gert ráð fyrir að framlög í sjóðinn væru tengd tekjum ríkisins af uppboðum á losunarheimildum innan viðskiptakerfis ESB. Þessu ákvæði var breytt árið 2014 og tekjur sjóðsins eiga að vera ákvarðaðar með fjárveitingum í fjárlögum ár hvert. Samtökin telja að jafngildi tekna ríkisins af viðskiptakerfi ESB ættu að renna í loftslagssjóð, eins og tíðkast víðast hvar í Evrópu. Sem dæmi er gert ráð fyrir tekjum upp á 1.000 milljónir króna í fjárlögum árið 2020 af sölu á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda. Gera má ráð fyrir að þær tekjur ríkisins muni halda áfram að aukast, þar sem verð á losunarheimildum hefur hækkað verulega undanfarin ár. Aðrar tekjur ríkisins t.d. vegna gjalda á kolefnislosun eða viðbótarfjárveitingu í fjárlögum gætu einnig runnið í sjóðinn.

Þá telja SI vert að taka til skoðunar almennt hvort það eigi að hafa önnur viðmið í styrkveitingum vegna aðgerða í loftslagsmálum á þá vegu að ekki sé eingöngu lagt upp úr nýnæmi heldur einnig að aðgerðir séu styrktar sem líklegar séu til að draga sem mest úr losun. Jafnframt að með styrkveitingum sé áhersla lögð á samstarf með iðnaði, þar sem ljóst er að þar eru mikil vaxtartækifæri til framtíðar. Benda samtökin á að Ísland er næststærsti álframleiðandi í Evrópu og álframleiðsla losar hvergi minna af gróðurhúsalofttegundum en hér á landi. Það eru því veruleg



tækifæri til samstarfs við orkusækinn iðnað, sem miðaði að því að undirbyggja og festa í sessi samkeppnisforskot á heimsvísu í loftslagsmálum á grundvelli hérleindra aðstæðna.

SI hafa talið að vel fari á að Loftslagssjóður starfi í tengslum við Tækniþróunarsjóð, líkt og fram kom í umsögn samtakanna við lagasetninguna árið 2012 og að sjóðurinn verði vistaður hjá Rannís. Nauðsynlegt er að verkefni fái faglegt mat og að styrkir séu veittir þeim sem hæst skora. Hjá Rannís er til þekking og einnig ferlar til að sinna verkefni af þessu tagi. Samræmist þetta því sem samtökin hafa lengi talað fyrir hvað varðar einföldun á opinberu sjóðakerfi til að auka skilvirkni, fagmennsku og hagkvæmni.

Hér þarf einnig að horfa til þess hvaða aðgerðir eru vænlegastar til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í sumum tilvikum kalla aðgerðir á stuðning hins opinbera til að hrinda loftslagsvænum verkefnum í framkvæmd, sem atvinnulífið hefði annars ekki tök á að gera. Hvað slíka framkvæmd varðar má horfa til framkvæmdar í Noregi, nánar tiltekið Enova-sjóðsins sem starfræktur er af þarlandum stjórnvöldum með það að markmiði að koma á umhverfisvænum breytingum í norsku samfélagi (<https://www.enova.no/about-enova/>).

VI. Kolefnisgjald

Í drögunum er umfjöllun og aðgerðir er varða kolefnisgjald sérstaklega, sbr. aðgerð G.1. Hvað þá skattheimtu varðar leggjast samtökin almennt ekki gegn hækkun kolefnisgjalds á eldsneyti í almennum samgöngum á landi en benda á að hækkun kolefnisgjaldsins kemur hins vegar illa við fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni. Hækkunin skerðir verulega samkeppnishæfni þeirra gagnvart keppinautum í nálægum löndum sem ekki þurfa að standa undir sambærilegum gjöldum.

Með álagningu kolefnisgjalda af ýmsum toga þá er, eins og áður segir, sú hætta til staðar að verið sé að hygla fyrirtækjum utan þeirra ríkja sem ekki greiða nein slík gjöld en eru að jafnaði með mun óhagstæðara kolefnisfótspor. Til marks um það má nefna að álframleiðsla í Kína er að uppistöðu til knúin með kolum og losar því tífalt meira en álframleiðsla hér á landi. Álframleiðsla í Kína ber hins vegar engin teljandi kolefnisgjöld og nýtur að auki verulegs ríkisstuðnings eins og raunar álframleiðsla víðast hvar í heiminum utan Íslands, samkvæmt skýrslu OECD frá því fyrr á þessu ári. Eftir að viðskiptastríð skall á milli Kína og Bandaríkjanna streymir ál frá Kína í vaxandi mæli til Evrópu og njóta kínverskir álframleiðendur þess að þurfa að ekki að bera kostnað af sinni losun.

Ítreka samtökin að loftslagsvandinn er hnattrænn í eðli sínu en ekki staðbundinn. Ef raunverulegur árangur á að nást, þá þurfa allir að sitja við sama borð. Það gerir aðeins illt verra að hrekja gjaldskylda framleiðslu, m.a. vegna kolefnisgjalda sem lögð hafa verið á framleiðslu áls og raforku, frá t.a.m. Evrópu til Kína, Indlands eða Mið-Austurlanda þar sem losunin er margfalt meiri.

Mikilvægt er að aðgerðaráætlun taki mið af þessum raunveruleika og metnir verði kostir og gallar þess kerfis sem nú er við lýði sem og þeirra tillagna sem fram koma í fyrirbyggjandi drögum.

VII. Um eldsneytisframleiðslu og áburðargerð úr sláturafurðum

Í aðgerð F.2 í fyrirbyggjandi drögum er fjallað um bann við urðun lífræns úrgangs. Hvað þann þátt varðar þá er mikilvægt að umfjöllun um slíkan úrgang taki einnig tillit til þeirra verðmæta sem þar kunna að leynast. Þannig er lífrænn úrgangur, s.s. sláturúrgangur, hráefni sem má nýta upp að vissu marki í ýmsa framleiðslu eins og moltu, kjötmjöl eða lífdísel. Þó nokkur verkefni hafa verið sett af stað í gegnum tíðina með þátttöku sláturleyfishafa og kjötvinnsla. Nauðsynlegt er að styðja við verkefni af þessu tagi því erfitt getur verið að koma þeim af stað á viðskiptalegum forsendum eingöngu. Lykilinn að árangri er samstarf margra aðila og það getur skipt sköpum að opinberir styrkir komi til sögunnar. Í dag er erfitt að fá styrki í verkefni á sviði úrgangsmála og þar gæti Loftslagssjóður komið inn, ef hann er nógu burðugur. Skora SI þannig á stjórnvöld að taka til skoðunar með hvaða hætti unnt er að styrkja verðmætasköpun úr úrgangi.

Þá benda SI á að mikilvægt að fjallað sé samhliða um núverandi innviði og þörf á uppbyggingu innviða til að koma úrgangi í annan farveg en urðun. Ef innviðir eru ekki til staðar hjá sveitarfélögum til að taka á móti lífrænum úrgangi og koma honum í annan farveg en urðun er



hætt við að boðað bann og/eða skattlagning á slíka meðhöndlun verði eingöngu til þess fallin að afla ríkissjóði tekna í stað þess að stuðlað verði að uppbyggingu á innviðum til að koma úrgangi í viðeigandi farveg í stað urðunar, sbr. umfjöllun að neðan um urðunarskatta. Er því nauðsynlegt að bæði ríki, sveitarfélög og atvinnulífið taki höndum saman til að tryggja að lífrænn úrgangur sé settur í viðeigandi farveg, annan en urðun.

VIII. Fræðsla um loftslagsmál í skólum

Í drögunum er lagt til að menntun um loftslagsmál í skólum verði aukin á öllum skólastigum og hjá ýmsum fræðsluaðilum í samræmi við grunnþátt menntunar um sjálfbærni með það að markmiði að bjóða upp á fjölbreytta fræðslu um loftslagsbreytingar, afleiðingar þeirra og hvað hægt er að gera til að sporna við þeim, sbr. aðgerð G.5.

SI telja æskilegt að stjórnvöld leiti leiða til að virkja atvinnulífið til þátttöku í slíkri fræðslu. Nú þegar er fyrirmynd af slíku samstarfi í gangi sem góð reynsla er af, þ.e. GERT verkefnið sem SI standa fyrir í samstarfi við mennta- og menningamálaráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga og hin ýmsu fyrirtæki. Verkefnið gengur út á það að efla áhuga grunnskólanema á raunvísindum, tækni og verkmenntun. Innan vébanda SI eru fyrirtæki sem auðvelt væri að kalla að borðinu til að miðla sinni reynslu í umhverfis- og loftslagsmálum til grunnskólanema. Verkefnið verða mun raunhæfari en ella þegar sérfræðingar fyrirtækjanna miðla raunverulegri reynslu og þekkingu úr daglegum rekstri. Í GERT módelinu er mikið um heimsóknir grunnskólanema til fyrirtækja og í kjölfarið vinna nemendur ýmis verkefni. Það væri kjörið að fá fyrirtæki til að vinna að fræðsluverkefnum um loftslagsmál í skólum í samvinnu við stjórnvöld, nemendur og kennara.

Nú þegar er því til sameiginlegur vettvangur sem tengir skólana og fyrirtækin saman sem hægt væri að útvíkka svo það nái til fræðslu um loftslagsmál. Samtökin telja mikilvægt að nýta þau verkefni sem þegar eru fyrir hendi til að ná þeim góðu markmiðum sem aðgerðaráætlunin í loftslagsmálum stefnir að.

Að mati samtakanna er mikilvægt að tryggja að fræðsla verði einnig á forræði atvinnulífs þar sem þekking er sannarlega til staðar, en ekki eingöngu með áherslu á samstarf stjórnvalda og umhverfissamtaka, sbr. samningur stjórnvalda við Landvernd sem vísað er til á bls. 129.

IX. Urðunarskattur og bann við urðun lífræns úrgangs

Í drögum að aðgerðaráætlun er mælt fyrir um skattlagningu á urðun úrgangs, þ.e. urðunarskatt, annars en óvirks úrgangs og spilliefna. Tilgangurinn er að beina slíkum úrgangi í annan farveg og draga þannig úr losun vegna meðhöndlunar úrgangs. Aukinn kostnaður við að velja urðun sem farveg fyrir úrgang getur, í þeim tilvikum þar sem önnur úrræði standa til boða, hjálpað til við að beina úrgangi annað en slík aðgerð getur aldrei staðið ein og sér enda mikilvægt að samhliða sé lögð áhersla á að styðja við endurvinnslu og samstarf um söfnun endurvinnsluefna. Efnahagslegir hvatar geta þannig gegnt hlutverki þegar stjórnvöld vilja hafa áhrif á athafnir og athafnaleysi borgaranna, þ.m.t. að hvetja einstaklinga og fyrirtæki til að beita hagkvæmstu aðgerðum við að draga úr umhverfisskaða og skapa þeim tækifæri í formi aukinnar skilvirkni, fjárfestinga í grænum lausnum og nýsköpun og breyta neysluhegðun.

Beiting slíkra íþyngjandi aðgerða þarf hins vegar að grundvallast á því að heimili og fyrirtæki eigi þess raunverulega kost að að koma úrgangi í annan farveg en urðun. Hins vegar eru slík úrræði enn ekki til staðar með fullnægjandi hætti hér á landi. Því er hætt við því að innleiðing urðunarskatts endi sem bein tekjuöflun fyrir ríkissjóð á meðan ekki er brugðist við þeim vanda sem uppi er hvað varðar aðstöðu- og úrræðaleysi við meðhöndlun úrgangs. Fullyrða má að fyrirtæki og heimili landsins vilja almennt standa sig vel í úrgangsmálum en að óbreyttu eru enn ekki til staðar nauðsynleg úrræði eða innviðir svo unnt sé að farga úrgangi með fullnægjandi hætti hér á landi. Ekki verður séð að urðunarskattur einn og sér leysi þessa stöðu.

Því er sú staða uppi að tekjur af álagningu nýrra umhverfisskatta muni renna í ríkissjóð án þess að nokkur reki sér gerður að því að byggja upp aðstöðu til að meðhöndla úrgang með öðrum hætti en urðun. Slíkt kann að grafa undan áhuga á gagnsemi þessara skatta þegar tekið er tillit til þróunar ríkisútgjalda. Leggja þarf áherslu á að tekjur sem skapast vegna beitingar greiðslureglu



umhverfisréttar verði með skýrum hætti leiddar út í efnahagslífið þannig að þær gagnist sem flestum og þá ekki síst þeim fyrirtækjum sem skipuleggja rekstur sinn með umhverfismál að leiðarljósi.

Mikilvægt er að hugmyndir að nýjum umhverfissköttum á borð við urðunargjald verði á þann veg að í þeim verði gerð grein fyrir því hvernig unnt verði að koma úrgangi í réttan farveg, og þannig bregðast við þessum breyttu álögum, og einnig hvernig standi til að ráðstafa tekjunum af þeim skatti.

X. Útfösun flúorgasa

Í aðgerðaráætlun er lagt til að skoðaðar verði leiðir til að hraða útfösun flúorgasa þannig að losun þeim tengd verði lítil sem engin árið 2030. Samkvæmt áætlun þá hefur heildarlosun umræddra gasa aukist töluvert síðasta áratuginn. Að mati hagsmunaaðila innan SI ætti ekki að kalla á vandamál að uppfylla það markmið. Má þessu til stuðnings benda á að nú þegar eru á markaði ný kæliefni þar sem GWP (Global Warming Potential) er komin niður undir 30% af því sem áður var, sbr. R-404A/R449A. Þá er notkun á CO₂ kerfum að aukast sem og áfram verður stuðst við efnið NH₃ (ammoníak) á þeim kerfum sem áður voru keyrð á umhverfisspillandi freon-efnunum.

XI. Minni matarsóun

Hvað varðar matarsóun ber að fagna því, sbr. nógildandi aðgerðaráætlun, að stjórnvöld hyggist veita auknu fjármagni til málaflokksins og hvetja til að öll virðis_keðjan, frá framleiðslu til neytenda, verði skoðuð. Nú þegar hafa verið unnin verkefni sem gætu nýst í því starfi. Dæmi um slíkt er verkefni sem Tæknipróunarsjóður styrkti og SI stýrðu sem nefnist „Umbætur í virðis_keðju matvæla,“ þar sem skoðaðar voru leiðir til að draga úr sóun í virðis_keðjunni með bættri umgengni og samstarfi og upplýsingastreymi milli birgja og smásala. Verkefninu lauk árið 2010 en niðurstöður þess eru í fullu gildi. Strikamerki geyma mikið magn upplýsinga m.a. um geymsluþol sem hægt er að nýta til að draga úr sóun í verslunum. Starfshópur á vegum umhverfisráðuneytisins skilaði skýrslu, „Matarsóun – tillögur til úrbóta,“ í apríl 2015 .

Þá benda SI á að starfshópur á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytis, sem hafði það hlutverk að móta tillögur að aðgerðum sem myndað gætu aðgerðaráætlun til að sporna við matarsóun, hefur skilað niðurstöðum sínum. Í hópnum áttu sæti fulltrúar frá SA, Bændasamtökunum, Matís, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Umhverfisstofnun, umhverfissamtökum og ungu fólki. Benda SI á þær niðurstöður og hvetja samtökin til þess að unnið verði áfram með þær tillögur.

XII. Skil á umhverfisupplýsingum

Fjallað er um útvíkkun kolefnisbókhalds og græns bókhalds í nógildandi áætlun. Eins og fram kemur í uppfærðum drögum hafa þær breytingar orðið á grænu bókhaldi, samhliða lagabreytingum, að nú er vísað til skila á umhverfisupplýsingum og hafa drögin tekið breytingum vegna þessa. Eftir sem áður standa óhaggaðar fyrri ábendingar sem þá snéru að grænu bókhaldi en eiga að breyttu breytanda við um skil á umhverfisupplýsingum. Með það að leiðarljósi þarf að huga að því skilgreina vel til hverja þessar kröfur ná. Fjöldi smárra verktakafyrirtækja og einyrkja, sérstaklega í byggingarstarfsemi, brenna jarðefnaeldsneyti við notkun véla og tækja. Það getur verið íþyngjandi fyrir litla aðila að skila slíku bókhaldi eða upplýsingum. Mikilvægt er að ganga hér ekki lengra en þörf er á og leggja ekki óhóflegar kvaðir á lítil og meðalstór fyrirtæki. Slík krafa um skil á umhverfisupplýsingum þar sem gert er grein fyrir kolefnisspori fyrirtækis er aukin reglubyrði sem mikilvægt er að leggja ekki ríkari kröfur á hérlend fyrirtæki umfram þær sem gerðar eru á innri markaði EES.

XIII. Loftslagsáhrif byggingariðnaðarins

Í fyrirbyggjandi drögum, nánar tiltekið atriði C.3, er fjallað um loftslagsáhrif byggingariðnaðarins og aðgerða þessu tengt. Þær aðgerðir sem þar eru taldar upp fela í sér að leita leiða til draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggingariðnaði. Hvað þennan þátt varðar benda samtökin á að hagsmunaaðilar í byggingariðnaði eru áhugasamir um að leita leiða til að starfa í samræmi það markmið að draga úr áhrifum starfsemi sinnar á umhverfið og fagna því almennt raunhæfum aðgerðum á því sviði. Hefur byggingariðnaður talað fyrir því að hið opinbera leiði með góðu



fordæmi í þessum málaflokki, s.s. að grundvalla eigin framkvæmdir á forsendum Svansvottunar, en almenn ánægja og traust er innan geirans hvað þá vottun varðar, eða BREEAM. Með slíku frumkvæði væri hið opinbera að varða leiðina áfram og sýna gott fordæmi fyrir aðra til að fylgja eftir. Þá benda samtökin á mikilvægi þess að stuðla að vitundavakningu um þessi mál enda er það mat hagsmunaaðila að víða skorti almennt á þekkingu á þeim leiðum sem standa til boða á þessu sviði.

Einnig benda samtökin á að þær aðgerðir sem boðaðar eru grundvallast á þeirri forsendu að til staðar sé raunverulegt framboð á vörum og íhlutum sem uppfylla þær kröfur sem gerðar eru á grundvelli umhverfissvottunar og/eða -staðla til að byggja vistvænt. Enn sem komið er slíkt framboð ekki með fullnægjandi hætti en er þó að aukast. Að mati samtakanna gæti opinber stefnumörkun þó falið í sér hvata til að stuðla að auknu aðgengi að þessum vörum sem þarf til.

Þá benda samtökin á að þau hafa lengi talað fyrir því að bæði ríki og sveitarfélög ættu að gera kröfu um að ákveðið prósentuhlutfall af kostnaði fari í nýsköpun og þróun ferla við byggingu sem myndi án alls vafa styðja við græna nýsköpun hér á landi. Hins vegar er staðan sú að slíkir hvatar eru ekki til staðar sem gætu þó haft í för með sér verulegan umhverfislegan ávinning ef hið opinbera axlar sína ábyrgð hvað slíka nýsköpun varðar.

Þessu til viðbótar benda SI á að samtökin höfðu frumkvæði að því að nálgast stjórnvöld um að koma á samvinnu þessara aðila til að vinna að þeim málum sem grein er gerð fyrir í umfjöllum um aðgerð C.3. Hefur nú formlegu samstarfi SI og stjórnvalda verið komið á. Binda samtökin væntingar um að sú vinna muni skila sér í raunhæfum aðgerðum sem endurspegli markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggingariðnaðinum hér á landi.

Að lokum vekja SI athygli á að í umfjöllun um aðgerð C.3 er kveðið á um árangursmælikvarða sem eru annars vegar notkun jarðefnaeldsneytis á þungavinnuvélar í byggingariðnaði og hins vegar útgáfa á áætlun um samdrátt í losun frá byggingariðnaði. Hvað þetta varðar telja samtökin að mælikvarði um notkun jarðefnaeldsneytis falli illa að almennri umfjöllun um aðgerðina. Hugsanlega væri sá mælikvarði betur til þess fallinn að heyra undir orkuskipti almennt frekar en sem afmörkuð eining undir aðgerð C.3.

XIV. Uppbygging á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa

Athygli vekur að ekkert er komið inn á að halda áfram uppbyggingu á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa hér á landi. Ef takast á að stemma stigu við loftslagsvanda, sem alþjóðlegt hagsmunamál, liggur fyrir að það þurfa að eiga sér stað orkuskipti, þar sem skipt er úr jarðefnaeldsneyti yfir í endurnýjanlega orkugjafa. Þar getur Ísland lagt mikið af mörkum. Metnaður stjórnvalda hlýtur að liggja til þess að draga úr flækjustigi í kerfinu og greiða götu þeirra sem vilja standa að slíkri uppbyggingu. Þar getum Íslendingar lært af Norðmönnum og öðrum þjóðum. Það gengur ekki að verkefni sem geta stuðlað að verðmætasköpun hér á landi, og um leið að því að draga úr losun á heimsvísu, velkist í kerfinu árum saman með tilheyrandi kostnaði og neikvæðum áhrifum á loftslag í heiminum.

Virðingarfyllst,

Lárus M. K. Ólafsson,
viðskiptastjóri á framleiðsluviði